



## EYRARKLÁFUR

**Breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020**

**TILLAGA**

**19.03.2026**



## SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Ísafjarðarbæjar þann \_\_\_\_\_

---

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

## SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 12.02.2025 með athugasemdafresti til: 12.03.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_.

## UPPLÝSINGAR

---

### SKJALALYKILL

---

110946-001-ASK-V02

### HÖFUNDUR

---

ÍS/AB

### RÝNT

---

MMR/AB

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>5</b>
1.1	Markmið og tilgangur	5
1.2	Valkostagreining vegna staðsetningar kláfs	6
1.3	Skipulagsgögn	7
<b>2</b>	<b>FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR</b>	<b>8</b>
2.1	Skipulagssvæðið	8
2.2	Fornleifar	8
2.3	Náttúruvá	9
2.4	Jarðstrengur raforku	10
2.5	Tengsl við aðrar stefnur og áætlanir	10
2.5.1	Áfangastaðaáætlun Vestfjarða	10
2.5.2	Landsskipulagsstefna 2024-2038	11
2.5.3	Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020	11
2.5.4	Deiliskipulag	12
2.5.5	Vatnaáætlun Íslands 2022-2027	12
<b>3</b>	<b>BREYTING Á AÐALSKIPULAGI</b>	<b>13</b>
3.1	Breyting á uppdrætti	13
3.2	Breyting á greinargerð	14
<b>4</b>	<b>UMHVERFISMATSSKÝRSLA</b>	<b>15</b>
4.1	Umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar	15
4.2	Mat á umhverfisáhrifum	16
<b>5</b>	<b>KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI</b>	<b>20</b>
5.1	Umsagnaraðilar	20
5.2	Drög að skipulagsferli	20
5.3	Breytingar eftir auglýsingu vinnslutillögu	20

## 1 INNGANGUR

Sett er fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Breytingin felur í sér að skilgreina nýjan landnotkunarreit fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF1) í og við rætur Eyrarfjalls í stað óbyggðra og opinna svæða, þar sem Eyrarkláfur ehf. áformar að reisa kláf ásamt tilheyrandi mannvirkjum. Unnið verður deiliskipulag fyrir framkvæmdina samhliða aðalskipulagsbreytingunni.



**MYND 1** Staðsetning kláfs<sup>1</sup>.

Framkvæmdin fellur undir flokk B í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 með vísan í tölulið 12.01 „*Skiðabrekkur, skiðalyftur, kláfar og tengdar framkvæmdir sem ná yfir 15 ha svæði, eða þar sem mannvirki eru 15 m eða hærrí eða framkvæmdir eru á jökli.*“. Samkvæmt niðurstöðu Skipulagsstofnunar er framkvæmdin matsskyld og er vinna hafin við mat á umhverfisáhrifum.

### 1.1 Markmið og tilgangur

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að skapa skipulagsforsendur til uppbyggingar kláfs í Eyrarfjalli í samræmi við áform framkvæmdaraðila. Tilgangur framkvæmdarinnar er að skapa einstaka upplifun fyrir ferðamenn sem heimsækja Ísland sem og heimabyggðina sjálfa. Framkvæmdin miðar að því að bjóða upp á aðstöðu til skemmtunar og útsýnis yfir Ísafjörð og nágrenni, ásamt því að þróa svæðið sem útivistar- og afþreyingarsvæði.

<sup>1</sup> Rorum ehf. 2024. Kláfur upp á Eyrarfjall. Matsáætlun. Desember 2024. Eyrarkláfur ehf.

## 1.2 Valkostagreining vegna staðsetningar kláfs

Við mat á mögulegum valkostum voru eftirfarandi atriði lögð til grundvallar:

- Framúrskarandi útsýni yfir Ísafjarðarbæ, fjörðinn og djúpið.
- Gott aðgengi, helst innan bæjarmarka, í göngufæri frá miðbænum.
- Landnýtingin skerðir ekki mögulegt framtíðaríbúðarsvæði.

Svæðum var gefin einkunn 1-3. (3 - mjög gott, 2 - gott, 1 - ófullnægjandi)

Eftirfarandi svæði voru metin:

Valkostur	Útsýni	Aðgengi	Landnýting	Heild
Eyrarfjall	3	3	3	9
Innra skíðasvæði	2	1	3	6
Ytra skíðasvæði	1	1	3	5
Fjallið Ernir	2	1	3	6

### Val á Eyrarfjalli

Eyrarfjall liggur nálægt byggðinni og býður upp á einstakt útsýni yfir Ísafjörð og nágrenni. Fjallshlíðin er brött og hentar vel til að tryggja einstaka upplifun. Byrjunarstöðin er í göngufæri frá miðbæ bæjarins sem tryggir gott aðgengi og lágmarkar umferð.

Eins og sést reyndust aðrir útsýnisstaðir sem skoðaðir voru minna ákjósanlegir vegna lakara útsýnis, minni nálægðar við miðbæinn og aukinnar hættu á snjóflóðum.

### Val á stað fyrir upphafsstöð

Við val á stað fyrir upphafsstöð var sérstaklega tekið mið af eftirfarandi:

- Lóðin þarf að vera nægilega stór fyrir stöðina.
- Svæðið þarf að vera þannig staðsett að ekki sé gert ráð fyrir byggingu íbúðarhúsa.
- Lóðin þarf að tryggja beina línu og hindrunarlaust svæði milli byrjunarstöðvar og endastöðvar.
- Lóðin þarf að vera í göngufæri frá miðbæ Ísafjarðar.

Svæðið sem varð fyrir valinu uppfyllir þessi skilyrði. Hún liggur innan snjóflóðavarnarsvæðis og er því óhentug fyrir íbúðarbyggð. Auk þess býður hún upp á beina leið upp á Eyrarfjall án þess að kláfurinn þurfi að fara yfir byggingar.

Aðrir staðir, svo sem lóð hjúkrunarheimilisins Eyri og svæðið á Suðurtanga, voru skoðaðir en ekki taldir fýsilegir vegna núverandi bygginga, snjóflóðahættu og lakara aðgengis.

## Niðurstaða

Á grundvelli ofangreindrar greiningar er það niðurstaða framkvæmdaraðila að staðsetning á Eyrarfjalli með byrjunarstöð á fyrirhugaðri lóð sé ákjósanlegust. Þetta tryggir besta útsýni, aðgengi og hagkvæmstu nýtingu landsvæðisins.

### 1.3 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og skipulagsuppráttum aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Skipulagsgögn eru greinargerð þessi ásamt breytingarupprætti í mkv. 1:10.000/1:50.000 sem sýnir gildandi og breytt skipulag.

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

### 2.1 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er staðsett í Eyrarfjalli sem er 700 metra hátt beint fyrir ofan Ísafjarðarbæ. Það afmarkast af upphafsstöð kláfsins við hlíðarfót Eyrarfjalls, upp að Gleiðarhjalla þar sem reistur verður millistaur fyrir kláfinn og svo áfram á topp Eyrarfjalls þar sem endastöð kláfsins er staðsett.

Búið er að byggja upp snjóflóðavarnargarða neðst í hlíðum Eyrarfjalls, neðan Gleiðarhjalla, til að verja byggð á snjóflóðahættusvæði C. Upphafsstöð er innan snjóflóðahættusvæðis B, sjá nánar í kafla 2.3.



**MYND 2** Staðsetning kláfs á Eyrarfjalli<sup>2</sup>

### 2.2 Fornleifar

Engar þekktar fornleifar eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis<sup>3,4</sup>. Eldri fornleifaskráning frá árinu 2002, sem náði yfir svæðið, uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráninga í dag. Því var

<sup>2</sup> Esri, Maxar, GeoEye, Earthstar Geographics.

<sup>3</sup> Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher. 2002. Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. 1. hluti: Eyrarhreppur hinn forni. Svæðisskráning og aðalskráning. Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands. NV nr. 6-02.

<sup>4</sup> Kristinn Nikulás Edvardsson. 2010. Frá kotbýlum til bæjarsamfélags. Kortlagning sögulegs landslags á Vestfjörðum. Rannsóknarskýrsla.


framkvæmd ný fornleifaskráning á svæðinu í maí 2025. Við þá skráningu fundust engar fornleifar á yfirborði og engar heimildir eru til um fornleifar á svæðinu<sup>5</sup>.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar Íslands um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

### 2.3 Náttúruvá

Náttúruvá í sveitarfélaginu er þekkt og er þá helst vegna ofanflóða s.s. vegna snjóflóða, aurflóða eða, grjóthruns auk sjávaflóða.

Hættumat vegna ofanflóða á Ísafirði og í Hnífsdal var unnið fyrir byggðina af Veðurstofu Íslands á vegum hættumatsnefndar Ísafjarðarbæjar og endurskoðað síðast árið 2012. Ekki er til hættumat sem nær til alls svæðisins sem verður skipulagt. Í 4. gr. laga nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum kemur fram að sveitarstjórnir í sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku skulu láta meta hættu á ofanflóðum. Skal hættumat fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Jafnframt fari slíkt mat fram á skipulögðum skíðasvæðum. Hættumat skal fela í sér mat á þeirri hættu sem lífi fólks er búin vegna ofanflóða á byggð svæði eða skipulögð byggingarsvæði. Við matið skal tekið tillit til varnavirkja sem reist hafa verið.



**MYND 3** Staðsetning hættumatslína í endurskoðuðu hættumati fyrir hluta skipulagssvæðisins frá árinu 2012.

Upphafsstöð kláfsins er á hættusvæði B. Í atvinnuhúsnæði þar sem unnið er að staðaldri telst áhætta ásættanleg ef staðaráhætta er minni en 1 af 10.000 á ári. Hins vegar er heimilt að meta viðveru fólks á annan hátt en kveðið er á um hér að framan og á slíkt mat t.d. við um atvinnuhúsnæði þar sem ekki er stöðug viðvera fólks. Samkvæmt greinargerð deiliskipulags sem nær til hluta framkvæmdasvæðisins eru snjóflóð sjaldgæf.

<sup>5</sup> Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Atli Rúnarsson. 2025. Fornleifaskráning í landi Eyrar við Skutulsfjörð vegna deiliskipulags. NV nr. 16-25.

**TAFLA 1** Skilgreining hættusvæða<sup>6</sup>

Svæði	Neðri mörk staðaráhættu	Efri mörk staðaráhættu	Leyfilegar byggingar
<b>C</b>	$3 \cdot 10^{-4}$ á ári	-	Engar nýbyggingar nema frístundahús* og húsnæði þar sem viðvera er lítil.
<b>B</b>	$1 \cdot 10^{-4}$ á ári	$3 \cdot 10^{-4}$ á ári	Atvinnuhúsnæði má byggja án sérstakra styrkinga. Byggja má íbúðarhús og byggja við hús þar sem búist er við miklum mannsöfnuði (svo sem fjölbýlishús, sjúkrahús, skóla) með sérstökum styrkingum.
<b>A</b>	$0.3 \cdot 10^{-4}$ á ári	$1 \cdot 10^{-4}$ á ári	Heimilt er að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði án sérstakra styrkinga nema hvað styrkja þarf hús þar sem búist er við miklum mannsöfnuði (svo sem fjölbýlishús, skóla, sjúkrahús) og íbúðarhús með fleiri en fjórum íbúðum.

\*Ef staðaráhætta er minni en  $5 \cdot 10^{-4}$  á ári.

Hætta er á aurflóðum og grjóthruni úr Gleiðarhjalla. Á hverju ári eru sprengdir steinar sem hætta er talin af. Ofan við upphafsstöð er búið að reisa ofanflóðavarnargarð.

Æskilegt er að fyrir liggi staðbundið hættumat, vegna ofanflóða eða aurskriðu áður en leyfi eru gefin út á grundvelli deiliskipulags.

## 2.4 Jarðstrengur raforku

Um skipulagssvæðið liggur Bolungarvíkurlína 2, 66 kV jarðstrengur á vegum Landsnets. Helgunarsvæði strengsins er 5 m til hvorrar handar frá miðlínu hans. Við nánari útfærslu skipulags og framkvæmda á svæðinu þarf að taka tillit til legu strengsins og tryggja að ekki verði jarðrask eða mannvirkjagerð sem geti haft áhrif á stöðugleika jarðvegs og strengs eða afhendingaröryggi raforku. Gerð er nánari grein fyrir legu strengsins og helgunarsvæði hans í deiliskipulagi svæðisins.

## 2.5 Tengsl við aðrar stefnur og áætlanir

Gæta þarf samræmis á milli skipulagsstiga og annarra áætlana. Horft verður til áherslna í eftirfarandi áætlunum og stefnumiðum:

### 2.5.1 Áfangastaðaáætlun Vestfjarða

Hönnun og uppbygging kláfs á Ísafirði upp Eyrarfjall er á áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Stefna áætlunarinnar er að á Vestfjörðum verði ekki massa ferðapjónusta en megináhersla á að byggja upp ferðapjónustu fyrir gesti sem eru tilbúnir að dvelja lengur og borga fyrir gæði. Sjálfstæði landkönnuðurinn er sá markhópur, miðað við markhópagreiningu Íslandsstofu, sem flestir telja að henti vestfirskri ferðapjónustu.

<sup>6</sup> Reglugerð nr.505/2000 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða.

## 2.5.2 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

Áhersla B.3: Skipulag tryggi tækifæri fyrir ólíka félagshópa til að hafa áhrif á ákvarðanir um nærumhverfi sitt.

Framfylgd við skipulagsgerð:

- Við skipulagsgerð verði möguleiki íbúa til að hafa áhrif á mótun nærumhverfis síns tryggður í öllu skipulagsferlinu; frá forsendugreiningu til tillögugerðar og kynningar endanlegra skipulagstillagna.
- Hugað verði að skýrri og góðri framsetningu skipulagsgagna sem auðvelda almenningi að kynna sér tillögur og tileinka sér efni þeirra.

Áhersla B.6: Skipulag geri nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá.

Framfylgd við skipulagsgerð:

- Skipulag byggist á bestu fánlegum upplýsingum um náttúruvá.

Áhersla C.7: Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.

Framfylgd við skipulagsgerð:

- Uppbygging ferðaþjónustu miði að því að nýtast jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum.
- Skipulagsákvæðanir um uppbyggingu ferðaþjónustu og ferðamannastaða taki mið af áfangastaðaáætlunum landshlutanna.
- Í skipulagi verði hugað að landslagi og yfirbragði og gæðum byggðar sem aðdráttarfls fyrir ferðamenn.

## 2.5.3 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Fyrirhuguð framkvæmd kallar á breytingar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Á því skipulagi er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði ofan við snjóflóðavarnargarð og opið svæði til sérstakra nota fyrir neðan snjóflóðavarnargarð. Einnig er þar landnotkunarreiturinn i37 sem er iðnaðarsvæði undir tengivirki, afhendingarstaður fyrir raforku.

Svæðið við upphafsstöð kláfsins er á B-svæði sem er skilgreint sem staðaráhætta vegna ofnaflóða á bilinu 1-3 af 10.000 á ári.

Markmið sveitarfélagsins varðandi ferðaþjónustu er m.a. að: „Í Ísafjarðarbæ þróist sjálfbær ferðaþjónusta, þ.e. ferðaþjónusta sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna, en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins.“

#### 2.5.4 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag hlíðarinnar neðan Gleiðarhjalla – ytri hluta sem skarast við nýtt skipulag Eyrarkláfs. Í því deiliskipulagi er gert ráð fyrir aðveitustöð.

Ljóst er að gera þarf nýtt deiliskipulag fyrir kláfinn sem tekur til fyrirhugaðra framkvæmda frá upphafsstöð og að endastöð upp á Eyrarfjall. Í nýju deiliskipulagi verður auk upphafs- og endastöðvar gert ráð fyrir bílastæðum við upphafsstöð og veitinga- og hótelpjónustu við endastöð, sem er áætlað á síðari stigum framkvæmda.

Einnig verður unnin breyting á afmörkun deiliskipulags hlíðarinnar neðan Gleiðarhjalla – ytri hluta.

Unnið verður nýtt deiliskipulagi fyrir kláf og breyting eldra deiliskipulags samhliða breytingu á aðalskipulagi.

#### 2.5.5 Vatnaáætlun Íslands 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðrar verndar.

Opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, s.s. vegna skipulagsmála skulu vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun. Við skipulagsgerð þarf að gera grein fyrir mögulegum áhrifum á vatnshlot sem tiltekin framkvæmd og/eða starfsemi hefur í för með sér. Skýrt þarf að koma fram hvort stefna skipulagsins leiði til þess að umhverfismarkmið vatnshlota náist eða ekki. Mikilvægt er að leggja mat á áhrif á vatnshlot eins snemma í ferlinu og hægt er. Sveitarfélagið sem leyfisveitandi getur óskað eftir nákvæmu áhrifamati af hálfu framkvæmdar- og rekstraraðila sé þess talin þörf. Ekki skal gefa út leyfi fyrir framkvæmd eða starfsemi sem leiðir til þess að umhverfismarkmiðum vatnshlötins náist ekki<sup>7</sup>.

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlötisins *Skutulsfjörður 101-101-G* sem er um 24.8 km<sup>2</sup> að stærð. Núverandi ástand þess er óþekkt og ekkert skráð álag er skv. vatnavefsja stjórn vatnamála<sup>8</sup>. Umhverfismarkmið grunnvatnshlötisins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Ætla má að vatnshlotið sé í góðu ástandi og nái umhverfismarkmiðum sínum.

<sup>7</sup> <https://ust.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>

<sup>8</sup> <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/101-101-G>



### 3.2 Breyting á greinargerð

Ný tafla er sett fram með skilmálum fyrir nýja landnotkunarreiti afþreyingar- og ferðamannasvæðis og verslunar og þjónustu. Skipulagsákvæði fyrir landnotkunarreit i37 fellur úr gildi.

**TAFLA 2** Skilmálatafla

NR.	STÆRÐ	SVÆÐI	LÝSING	SKIPULAGSÁKVÆÐI
AF1	8,6 ha	Eyrarhlíð/Eyrarfjall	Afþreyingar- og ferðamannasvæði fyrir upphafsstöð og millimastur kláfs upp á Eyrarfjall.	Gert er ráð fyrir kláfi með upphafsstöð í fjallsrótum Eyrarfjalls og millimastri á Gleiðarhjalla. Heimilt er að reisa mannvirki tengd rekstri kláfs, ásamt stígum, áningarstöðum og útsýnispöllum. Við skipulag og hönnun skal taka mið af landslagi og staðháttum þannig að mannvirki falli sem best að umhverfi til að lágmarka sjónræn áhrif. Lýsing skal vera hófstíllt og miðuð að öryggi og aðgengi. Nánari útfærsla mannvirkja og frágangs svæðis skal koma fram í deiliskipulagi.
V8	5,9 ha	Eyrarfjall	Verslun og þjónusta vegna veitinga- og hótélreksturs.	Gert er ráð fyrir uppbyggingu þjónustu á toppi Eyrarfjalls í tengslum við endastöð kláfs, þ.m.t. veitingarekstri og hóteli með allt að 60 gistirýmum. Við skipulag og hönnun mannvirkja skal taka sérstakt tillit til landslags og ásýndar. Mannvirki skulu falla að umhverfi og áhersla lögð á að lágmarka neikvæð áhrif á landslag, ásýnd, gróður og dýralíf. Lýsing skal vera hófstíllt og miðuð að starfsemi og öryggi. Nánari útfærsla mannvirkja, umfang bygginga og skipulag svæðisins skal koma fram í deiliskipulagi. Heimilt er að byggja upp svæðið í áföngum.

## 4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg/engin eða óviss.

Framkvæmdin fellur undir flokk B í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, með vísan í tölulið 12.01 („Skíðabrekkur, skíðalyftur, kláfar og tengdar framkvæmdir sem ná yfir 15 ha svæði, eða þar sem mannvirki eru 15 m eða hærri eða framkvæmdir eru á jökli.“). Það umhverfismat er í vinnslu.

Stefna aðalskipulagsbreytingar verður í samræmi við stefnu í nýju deiliskipulagi og verður metin út frá umhverfisþáttum í töflu 3.

### 4.1 Umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar

Við breytingu á aðalskipulagi verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem eru í töflu hér að neðan. Þetta eru þeir umhverfisþættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af uppbyggingu kláfs í Eyrarfjalli. Umhverfisþættir verða metnir í samræmi við stefnu ríkis og sveitarfélags.

**TAFLA 3** Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<b>Gróður og dýralíf:</b>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna landslags, náttúru.</li> </ul> <p><i>Stefna í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Að vernda sérkenni og fjölbreytileika náttúrunnar.</li> </ul> <p><i>Náttúruverndarlög nr. 60/2013.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir.</li> </ul> <p><i>Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samnings um líffræðilega fjölbreytni. Alþjóðlegur samningur um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamningurinn.</i></p>	<p>Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>gróður með verndargildi?</li> <li>búsvæði dýra?</li> <li>varpsvæði fugla?</li> <li>áflugshættu fugla?</li> </ul>
<b>Fornminjar:</b>	<p><i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.</li> </ul>	<p>Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>fornminjar?</li> <li>friðlýstar minjar?</li> </ul>
<b>Landslag og ásýnd:</b>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag og skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efla þau gæði sem felast í menningarlandslagi.</li> </ul> <p><i>Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.</i></p>	<p>Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>landslag og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð svæðisins?</li> <li>jarðmyndanir?</li> <li>verndarsvæði?</li> <li>ásýndaráhrif?</li> </ul>
<b>Heilsa, öryggi og vellíðan</b>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p>	<p>Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>flugöryggi?</li> </ul>

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipulag geri nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá.</li> <li>• Skapa aðlaðandi og öruggt umhverfi og veita möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.</li> </ul> <p><i>Stefna í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvá.</li> </ul> <p>Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• ofanflóðahættu?</li> <li>• fallhættu og slys ferðamanna?</li> <li>• lífsgæði s.s. aðgengi að opnum svæðum og náttúru?</li> <li>• hljóðvist og/eða loftgæði?</li> </ul>
<b>Samfélag</b> <i>Útivist og ferðamennska</i>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.</li> <li>• Við skipulagsgerð í dreifbýli verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu.</li> <li>• Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.</li> </ul> <p><i>Stefna í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skapað verði umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn, m.a. með varðveislu menningarverðmæta.</li> </ul>	<p>Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• atvinnulíf og atvinnumöguleika?</li> <li>• tekjustofna sveitarfélagsins?</li> <li>• bættri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn?</li> <li>• útivistarmöguleika?</li> <li>• upplifun ferðamanna á náttúru?</li> </ul>
<b>Vatnshlot</b>	<p><i>Vatnaáætlun 2022-2027.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa.</li> <li>• Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum.</li> </ul> <p><i>Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.</i></p> <p><i>Reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.</i></p>	<p>Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• vatnsgæði vatnshlots?</li> </ul>
<b>Loftslagsmál</b> <i>Kolefnisbinding</i> <i>Kolefnishlutleysi</i>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.</li> </ul> <p><i>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.</i></p> <p>Efla skógrækt, vernda og auka kolefnisforða vistkerfa.</p>	<p>Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• kolefni í andrúmsloftinu?</li> </ul>

## 4.2 Mat á umhverfisáhrifum

Bornir verða saman tveir valkostir í skipulagsgerðinni:

1. Núll kostur þ.e.a.s. eins og staðan er í dag.
2. Framkvæmdin eins og hún er útfærð í breytingu á aðalskipulagi og valinn kostur í matsskyldufyrirspurn.

**TAFLA 4** Lýsing á valkostum.

VALKOSTUR	LÝSING Á VALKOSTI
Núll kostur – enginn kláfur.	Núll kostur felur í sér að núverandi ástand haldist óbreytt og að ekki verði af framkvæmdum við uppsetningu kláfs upp á Eyrarfjall.
Kláfur skv. tillögu.	Framkvæmdin felur í sér uppsetningu kláfs upp á Eyrarfjall með tilheyrandi millimastri og uppbyggingu byrjunar og endastöðvar.

## Umhverfisáhrif af breytingu aðalskipulags

### Áhrif á gróður og dýralíf

Áhrif á gróður og dýr á svæðinu eru óveruleg þar sem svæðið hefur ekki verið talið búsvæði dýra. Áhrif á vistgerðir á svæðinu eru talin óveruleg þar sem um lítið svæði er um að ræða og vistgerðir eru útbreiddar á landsvísu. Gróður kemur til með að raskast við uppbyggingu mannvirkja en grætt verður upp aftur ef þörf er á og raski á svæðinu verður haldið lágmarki.

### Áhrif á fornminjar

Áhrif á fornminjar eru metin óveruleg þar sem engar þekktar fornleifar eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

### Áhrif á landslag og ásýnd

Áhrif á landslag og ásýnd eru talin veruleg. Ásýnd á svæðinu mun breytast með tilkomu bygginga, bílastæða og masturs. Við útfærslu mannvirkja verður sérstaklega hugað að því að draga úr sjónrænum áhrifum þeirra á landslag. Hönnun mannvirkja skal taka mið af náttúrulegu yfirbragði svæðisins með tilliti til stærðar, forms, efnisvals og litavals þannig að þau falli sem best að landi og dregið sé úr sjónrænum áhrifum þeirra. Við útfærslu lýsingar verður leitast við að lágmarka ljósmengun og áhrif hennar á ásýnd og upplifun landslags. Megintilgangur lýsingar er að tryggja öryggi og aðgengi á svæðinu.

### Áhrif á heilsu, öryggi og vellíðan

Áhrif á heilsu, öryggi og vellíðan eru metin óveruleg þar sem gert verður ráð fyrir góðum og öruggum frágangi mannvirkja. Þar sem svæðið er á hættusvæði er hætta á aurflóðum og grjóthruni úr Gleiðarhjalla en á hverju ári eru sprengdir steinar sem hætta er talin af og ofan við upphafsstöð er búið að reisa ofanflóðavarnargarð. Svæðið verður áfram aðgengilegt fyrir almenning þar sem stígar eru innan svæðis með tenginu við aðra stíga í umhverfinu. Með uppbyggingu mun umferð aukast um svæðið á ákveðnum tímum en að öðru leiti fylgir ekki mengun eða hávaði af uppbyggingunni. Áhrif á flugöryggi eru talin óveruleg og þar sem uppsetning kláfs mun ekki hafa áhrif á blindaflug að Ísafjarðarflugvelli. Farið verður eftir kröfum ICAO í samráði við Isavia og Samgöngustofu varðandi hindanalýsingu o.fl.

### Áhrif á samfélag

Áhrif á samfélag eru jákvæð þar sem uppbygging á svæðinu eykur líkur á fjölgun starfa í sveitarfélaginu, líkur eru á því að aukinn straumur ferðamanna muni sækja bæinn vegna fjölbreyttra möguleika og upplifun fyrir ferðamenn sem og aukið aðgengi fólk að náttúru ofan Ísafjarðar. Ef kláfurinn yrði einnig starfræktur yfir vetrartímum gæti það enn fremur haft jákvæð áhrif á samfélagið með því að styðja við heilsársferðapjónustu og skapa aukin tækifæri til atvinnu og útivistar yfir lengra tímabil ársins. Á

svæðinu er í dag ræktunarsvæði Gróanda þar sem grænmetisgarðar eru aðgengilegir öllum bæjarbúum. Sveitarfélagið gerir ráð fyrir að starfseminni verði fundinn verði nýr og varanlegur staður.

#### **Áhrif á vatnshlot**

Áhrif á vatnshlot eru metin óveruleg þar sem gert verður ráð fyrir góðum frágangi vegtenginga og mannvirkja auk góðs frágangs fráveitu..

#### **Áhrif á loftslagsmál**

Áhrif á loftslagsmál eru metin óveruleg þar sem lítil sem engin mengun fylgir framkvæmdinni. Kolefni kemur til með að losna við framkvæmdina en verður grætt aftur upp með tilheyrandi bindingu í gróðri. Umferð á svæðinu kemur til með að aukast og gera má ráð fyrir útblæstri frá umferð en mun fara minnkandi etir því sem umhverfisvænum farartækjum fjölgar.

#### **Núll kostur**

#### **Áhrif á gróður og dýralíf**

Áhrif á gróður og dýr á svæðinu eru metin jákvæð verður ekki af uppbyggingu á svæðinu þar sem gróðri verður ekki raskað og engin áhrif verða á það dýralíf sem er á svæðinu.

#### **Áhrif á fornminjar**

Áhrif á fornminjar eru metin óveruleg þar sem engar þekktar fornleifar eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

#### **Áhrif á landslag og ásýnd**

Áhrif á landslag og ásýnd eru metin jákvæð ef ekki verður að uppbyggingu á svæðinu þar sem engar byggingar eru fyrir á svæðinu og mun því svæðið halda sínu náttúrulega yfirbragði.

#### **Áhrif á heilsu, öryggi og vellíðan**

Áhrif á heilsu, öryggi og vellíðan eru metin jákvæð þar sem svæðið nýtist nú þegar til útivistar og ekki þarf að huga frekar að mengunar eða öryggismálum á svæðinu ef svæðið byggist ekki upp.

#### **Áhrif á samfélag**

Áhrif á samfélag eru metin óveruleg ef svæðið byggist ekki upp þar sem engin breyting verður á svæðinu frá því sem það er nú. Störfum mun ekki fjölga í sveitarfélaginu og fjölbreytileiki fyrir ferðamenn mun ekki aukast.

#### **Áhrif á vatnshlot**

Áhrif á vatnshlot eru metin jákvæð ef ekki verður byggt upp á svæðinu og munu vatnsgæði þá ekki raskast.

#### **Áhrif á loftslagsmál**

Áhrif á loftslagsmál eru metin jákvæð ef ekki verður af uppbyggingu á svæðinu.

#### **Niðurstaða umhverfismats:**

Með fjölgun ferðamanna á vestfirði er uppbygging Eyrarkláfs talin hafa jákvæð áhrif með aukinni fjölbreytni afþreyingar og þjónustu fyrir ferðamenn. Með uppbyggingunni skapast störf bæði við framkvæmdina sjálfa og þegar henni er lokið. Almennigur mun áfram að hafa óskert aðgengi að svæðinu og eru göngustígar um svæðið í góðri tengingu við aðra stíga í umhverfinu. Ásýnd á svæðinu mun breytast en uppbygging á svæðinu miðar við náttúrulegt yfirbragð og reynt verður að fella byggingar sem best að landi. Ójákvæmilegt er að komast hjá raski á svæðinu með þeirri uppbyggingu sem áformuð er en raski á svæðinu verður haldið í lágmarki og grætt upp aftur ef þörf er á. Skilmálar eru settir um yfirbragð mannvirkja og ásýnd mun samræmast staðháttum. Hugað verður að góðu aðgengi fráveitumála og frágangi á svæðinu.

Sveitarfélagið telur framkvæmdina í heildina litið hafa jákvæða áhrif fyrir samfélagið og er hlynnt uppbyggingunni.

## 5 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI

Á kynningartíma er almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir við framlagða tillögu, og skila þeim með rafrænum hætti í [skipulagsgatt.is](https://skipulagsgatt.is).

### 5.1 Umsagnaraðilar

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum á öllum stigum í skipulagsferlinu:

- Aðliggjandi sveitarfélög
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Isavia
- Landsnet
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun
- Orkubú Vestfjarða
- Samgögnustofa
- Skipulagsstofnun
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin

### 5.2 Drög að skipulagsferli



### 5.3 Breytingar eftir auglýsingu vinnslutillögu

- Settir eru nákvæmari skilmálar í töflu 2 í samræmi við umsögn Skipulagsstofnunar dags. 3.2.2026.
- Bætt er við nýjum kafla 2.4 Jarðstrengur raforku, sem fjallar um Bolungarlínu 2 sem liggur um svæðið.
- Gerð hefur verið breyting á umfjöllun um áhrif á landslag og ásýnd þar sem bætt hefur verið við skýrari stefnu um útfærslu mannvirkja á svæðinu.
- Bætt var við umfjöllun í umhverfismati um möguleg jákvæð samfélagsleg áhrif ef kláfurinn yrði einnig starfræktur yfir vetrartímamann.